



## Jakob Möller og J. Sv. Jón Sveinsson (?)

---

Bjarni Benediktsson – Jakob Möller og J. Sv. Jón Sveinsson (?)

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Akureyri 11.okt.1942

Hr. fjármálaráðherra  
Jakob Möller

Kæri vinur !

Þú bauðst mér í sumar að skipa mig til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, samkv. ákvæðum þar um í nýjum skattalögum, og staðfestir það með bréfi, sem dags. er 20/8 síðastl. Eins og á stendur vil ég samþykkja að taka að mjer þetta starf, og geng út frá, að grunnlaun verði þau sömu, sem fyrir. forsætisráðherra Hermannx Jónasson hafði ákveðið, þegar hann hugðist ráðstafa þessu starfi, og með þeim almennu grunnkaupshækkunum, sem síðar voru samþykktar, og með dýrtíðaruppbót. Þá vona ég, að mér verði veitt þetta embætti kringum 20.p.m., eða að Alþingiskosningum loknum, eins og á var minnst, og með launum fyrir þenna mánuð.

Þó vil ég, eins og ég tjáði þér munnlega, og sömuleiðis Ólafi Thors forsætisráðherra, halda fast við, að mjer verði síðar veitt bæjarfógetaembættið á Akureyri, í stað þessa embættis, ef það losnar meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefir stjórnaraðstöðu til að veita það, og mjer hefir þrífaldlega verið lofað. En í öllum þænum, hvað sem slíku líður, þá vil ég enn og aftur biðja ykkur ~~xx~~ að láta ekki hjá líða að ráðstafa bæjarfógetaembættinu til frambúðar í hendur einhvers góðs Sjálfstæðismanns, áður en þið kannske missið stjórnaraðstöðu til þess að geta það. Þeir sem eindregið eru andstæðir Framsókn og Socialistum mega ekki til þess vita, að þeirra flokksmenn hræppi þetta embætti, því að það mundi um leið auka svo áhrifavald þeirra flokka - Kea og Sísað hjer gætti Sjálfstæðismanna ekki lengur, sérstaklega í sýslunni. Ef Kea fengi þegan-sýslumann og tollstjóra og formann yfirskattanefndar í viðbót við allt annað, færi hlutur góðra Sjálfstæðismanna hjer í sýslu og bæ að verða rýr og þeirra áhrif smá. Þið megið til að ganga frá þessum



málum við Sigurð Eggerz áður en þið látið af stjórn.  
Þið megið ekki gera þá, sem ~~xxxx~~ vilja frjálsta verzlun  
og viðskifti og frjálst framtak einstaklinganna, með öllu  
móðlausa. Það hafa nú þegar nógu margir gamlir Sjálfstæðis  
menn í bæ og sýslu beygt sig fyrir ofurvaldi Kea, þótt  
reynt sé að krafsa í bakkann í lengstu lög.

Ekki veit ég hvernig kosningarnar fara. Fólkið er  
einkennilegt. Fjöldinn, sem þykist ekki ætla að kjósa.  
En ég held fylgi Vilhjálms Þór aukist ekki. Ég er hræddari  
við Socialistana. En við vinnum eins og við getum og  
Skjalfborgin leggur sig alla fram til að hjálpa Sigurði.  
Ég held Sigurður hafi það, og eins Garðar í sýslunni.  
En nú verður maður að halda á manni þessa viku, sem eftir er.  
Það er lífróðurinn, sem gildir að ná í höfn.

Vertu blessaður og sáll.

Þinn einl.

J.Sv.



Rvík 20/8 '42

Kæri vinur!

Samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi á að skipa löglærðan mann til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, eftir því sem skattanefndir telja við þurfa, og hefir mér dottið í hug, hvort þú myndir vilja taka þetta starf að þjer, og ákveðið að skipa þig í það, ef svo væri. Þú lætur mig vita um þetta við tækifæri.

Bestu kveðjur

þinn

Jakob Möller